



# Læsisstefna Grunnskóla Vestmannaeyja

---

Lestur er lykillinn að árangri

## **Lestur er lykillinn að árangri**

Lestur og læsi eru skyld hugtök en læsishugtakið er yfirgrípsmeira og lýsir hæfninni sem nemandinn þarf að búa yfir að loknu grunnskólanámi. Góð færni í læsi er undirstaða ævináms. Sú hæfni að geta aflað sér upplýsinga gerir einstaklingum kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðar sinnar. Grunnskóli Vestmannaeyja leggur áherslu á markvissa læsiskennslu á öllum stigum skólans. Þó nemendur hafi náð grunntækni í lestri þurfa þeir að halda áfram að æfa sig og bæta. Jákvætt viðhorf til lestrar er nauðsynlegt til að stuðla að góðum árangri. Lestrarkennslan er einstaklingsmiðuð. Kennslan tekur mið af stöðu nemandans hverju sinni og fylgst er markvisst með framförum hans. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þar inn í sem allra fyrst.

Mikilvægt er að skapa nemendum tækifæri til að lesa sem oftast sér til ánægju og yndisauka og kenna þeim að nýta sér lestur í víðum skilningi. Það er mikilvægt að nemendur geti valið sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga.

Læsisstefnunni er fyrst og fremst ætlað að leiðbeina kennurum og foreldrum/ forráðamönnum um læsi og æskileg vinnubrögð um læsiskennslu. Hafa skal í huga að lestrarstefna sem þessi er í sífelldri endurskoðun og kennslan mun taka mið af þeim straumum og stefnum sem teljast árangursríkastar hverju sinni. Þessi læsisstefna er í gildi til vors 2023.

***Lestrarnám hættir aldrei.***

## Fyrirkomulag lestrarþjálfunar

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á lestur í öllu skólastarfi. Við vinnum út frá hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.

Í stafainnlögn er áherslan á hljóðaaðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa stöðugt ný orð sem koma fyrir í texta.

Hjá eldri nemendum er áherslan á lestrarlag og lesskilning með því að efla orðavitund og orðaforða.

**Mikilvægt er að börn lesi heima daglega til viðbótar við lestur í skóla. Gott samstarf heimilis og skóla er einn mikilvægasti hlekkurinn í góðum árangri nemenda.**

Viðmið	Fyrirkomulag lestrarþjálfunar - heima
1.bekkur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lestur þjálfaður í a.m.k. 10 mínútur.</li><li>• Nemandi les upphátt.</li></ul>
2.–3.bekkur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lestur þjálfaður í a.m.k. 15 mínútur.</li><li>• Nemandi les upphátt.</li><li>• Nemandi endurtekur lestur eftir þörfum.</li><li>• Nemendur sem hafa náð sjálfvirkni í lestri og lestrarnákvæmni ættu að þjálfra hljóðlestur samhliða.</li></ul>
4. bekkur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lestur þjálfaður í a.m.k. 20 mínútur.</li><li>• Nemandi les upphátt í 10 mínútur.</li><li>• Nemandi les í a.m.k. 10 mín. í hljóði.</li><li>• Nemendur sem hafa náð sjálfvirkni í lestri og lestrarnákvæmni ættu að þjálfra hljóðlestur samhliða.</li></ul>
5.–7. bekkur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lestur þjálfaður í a.m.k. 20 mínútur.</li><li>• Lestur er þjálfaður a.m.k. 15 mínútur í hljóði.</li><li>• Les upphátt a.m.k. 3 svar í viku eina til tvær blaðsíður.</li></ul>
8.–10. bekkur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur lesa í a.m.k. 20 mínútur daglega.</li></ul>

## Lesferill

Lesferill er matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis: hljóðkerfisvitund, lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Tekin eru stöðupróf þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra er metin. Niðurstöður hvers nemanda vistast í gagnagrunni hjá MMS og geta kennarar nálgast þær hvenær sem er í gegnum Skólagátt. Þannig er hægt að skoða hvernig lestrarferill einstakra nemenda og/eða námshópa þróast í gegnum árin. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá stöðluð lesfimiviðmið miða við fjölda rétt lesinna orða á mínútu. Í GRV er lesferill lagður fyrir 3. - 7. bekk.

**Tafla 1.** Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Taflan er tekin af vef MMS

[https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid\\_mms.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf)

## **Lestrarkennsla í 1. bekk**

### **Markmið**

#### **Að nemandi:**

- Læri bókstafina, hljóð þeirra og tengi saman í orð.
- Þjálfist í hljóðgreiningu, vinni með rím og aðra orðaleiki.
- Þjálfist í að lesa lipurt og skýrt.
- Þjálfist í að hlusta á upplestur margs konar texta ætlaðan börnum.
- Semji texta og leyfi öðrum að njóta.
- Temji sér jákvætt viðhorf gagnvart lestri.
- Þjálfist í undirstöðupáttum lesskilnings.

### **Kennslu- og námsaðferðir þarf ekki ða bæta**

- Unnið er eftir bókstafahljóðaaðferðinni.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega (yndislestur) og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Kveikjum neistann, Leið til læsis og Orð af orði.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efni sögunnar.
- Kóralestur – bergmálslestur.
- Upplestur úr sögubók.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

### **Tillögur að námsefni**

- Lestrarlandið og vinnubækur.
- Léttlestrarbækur og vinnubækur við hæfi hvers og eins.
- Orðagull.
- Ótrúleg eru ævintýri.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.
- Ýmis önnur verkefni við hæfi.

### **Matstæki**

- Bókstafahljóðapróf.
- Lesferill, lesfimi; fyrir 1. bekk í október.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemenda.

### **Úrræði**

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- K-PALS.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

## Lestrarkennsla í 2. bekk

### Markmið í lestri

#### Að nemandi:

- Kunni alla bókstafi, hljóð þeirra og stafrófsvísur.
- Þjálfist í að lesa lipurt, skýrt og auki leshraða sinn.
- Þjálfist í lesskilningi.
- Þekki mun á bókstaf, orði og málsgrein.
- Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli.
- Auki orðaforða sinn á markvissan hátt.
- Lesi ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum og vinni með fáein grunnhugtök í bókmenntum.
- Semji texta og leyfi öðrum að njóta.

### Kennslu- og námsaðferðir

- Unnið er eftir bókstafahljóðaaðferðinni.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lesa í skólanum daglega (yndislestur) og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Kveikjum neistann, Leið til læsis og Orð af orði.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Samlestur ( t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Upplestur á eigin efni.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

### Tillögur að námsefni

- Við lesum A og B.
- Orðagull.
- Labbi pabbakútur.
- Borgarmúsi og Sveitarmúsi (2. og 3. bekkur).
- Ótrúleg eru ævintýri.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.

### **Matstæki**

- Bóstafahljóðapróf fyrir þá nemendur sem þurfa í upphafi skólaárs.
- Lesskilningspróf.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

### **Úrræði**

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



## **Lestrarkennsla í 3. bekk**

### **Markmið í lestri**

#### **Að nemandi:**

- Þjálfist í að lesa lipurt, skýrt og auki leshraða sinn.
- Þjálfist í lesskilningi.
- Þjálfist í hlustunarskilningi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þekki mun á orði og málgrein.
- Endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi.
- Lesi ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum og vinni með grunnhugtök í bókmenntum.
- Skilji uppbyggingu texta (upphaf, meginmál, niðurlag).
- Kunni stafrófið.

### **Kennslu- og námsaðferðir**

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lestur í skólanum daglega (yndislestur) og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Unnið er eftir hugmyndafræði Leið til læsis og Orð af orði.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Upplestur á eigin efni.
- Lestrarsprettur eftir þörfum.
- Sumarlestur - lestrarhestur sendur heim.

### **Tillögur að námsefni**

- Borgarmúsi og Sveitarmúsi (2. bekkur og 3. bekkur).
- Sögur af Alla Nalla ásamt vinnubók.
- Bras og þras á Bunulæk ásamt vinnubók.
- Lesrún 1.
- Sestu og lestu.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Verkefni úr verkefnabanka Leiðar til læsis.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.

- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

### **Matstæki**

- Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí).
- Orðarún janúar og maí, lesskilningsþróf af Mentor.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

### **Viðmið**

- Sjá töflu 1 bls. 3

### **Úrræði**

- Snemmtæk íhlutun, skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- Stigskiptir lestrarhópar.
- Mínútuspjöld, eitt í einu sent heim ásamt skráningarblaði.
- Eitt skref í einu – þjálfunarverkefni frá MMS
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

## **Lestrarkennsla í 4. bekk**

### **Markmið í lestri**

#### **Að nemandi:**

- Auki leshraða sinn og þjálfist í framsögn.
- Þjálfist í lesskilningi (ályktun og forspá).
- Þjálfist í hlustunarskilningi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi.
- Lesi ævintýri, þjóðsögur og ljóð og vinni með grunnhugtök í bókmenntum.

### **Kennslu-og námsaðferðir**

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Lestur í skólanum daglega (yndislestur) og a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Samlestur og lestrarhópar (t.d. kóralestur – bergmálslestur).
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Lestrarsprettur eftir þörfum.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

### **Tillögur að námsefni**

- Kóngar í ríki sínu 1 á vorönn ásamt vinnubók.
- Sögusteinn.
- Loftur og gullfuglarnir ásamt vinnubók.
- Einn í óbyggðum ásamt vinnubók.
- Allt getur gerst ásamt vinnubók.
- Sestu og lestu.
- Lesrún 2.
- Lestrarkassinn af Skólavef – 1. stig.
- Þjóðsögur.
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.
- Ljóðsprotar, ljóð og ljóðalestur.

**Matstæki**

- Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí).
- Orðarún janúar og maí, lesskilningsþróf af Mentor.
- Markvisskráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

**Viðmið**

- Sjá töflu 1 bls. 3.

**Úrræði**

- Skimanir, stuðningur og sérkennsla.
- LOGOS - þróf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.
- Eitt skref í einu – þjálfunarverkefni frá MMS.

## **Lestrarkennsla í 5. bekk**

### **Markmið**

#### **Að nemandi:**

- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og vinni með bókmenntahugtök.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi.
- Auki leshraða sinn ef þörf er á.

### **Kennslu- og námsaðferðir**

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Yndislestur daglega í skólanum og lesa a.m.k. 3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Lestrarsprettur, eftir þörfum.
- Sumarlestur – lestrarhestur sendur heim.

### **Tillögur að námsefni**

- Flökkuskinna.
- Orðspor 1 les- og vinnubók.
- Fyrsti smellur - lesskilningsverkefni.
- Kóngar í ríki sínu.
- Blákápa - valið efni úr henni.
- Völusteinn.
- Sestu og lestu - smábækur.
- Samlestrarbók.
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Lestrarkassinn af Skólavef (lesskilningsverkefni).

### **Matstæki**

- Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí).
- Framsagnarþróf (jan. og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningsþróf af Mentor.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

### **Viðmið**

- Sjá töflu 1 bls. 3.

### **Úrræði**

- Þristurinn.
- Hljóðbækur.
- LOGOS - þróf ef grunur er um lestrarvanda.
- Eitt skref í einu – þjálfunarverkefni frá MMS
- Stuðningur og sérkennsla.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

## **Lestrarkennsla í 6. bekk**

### **Markmið**

#### **Að nemandi:**

- Þjálfist í framsögn, endursegi og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og ljóð, vinni með bókmennta og ljóðahugtök.
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Auki leshraða sinn ef þörf er á.

### **Kennslu- og námsaðferðir**

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Yndislestur daglega í skólanum og lesa 2-3 sinnum í viku fyrir kennarann.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Bókaritdómar – bók um bók, eða sambærileg skil.
- Lestrarsprettur eftir þörfum.
- Kennari les daglega fyrir nemendur og ræðir um efnið.

### **Tillögur að námsefni**

- Söguskinna.
- Orðspor 2 les- og vinnubók.
- Annar smellur - lesskilningsverkefni.
- Grillaðir bananar og Svarta nöglin.
- Benjamín dúfa heildstætt bókmenntaverkefni.
- Rauðkápa valið efni úr henni.
- Grannar, sögur úr henni lesnar og unnin verkefni.
- Völusteinn.
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Lestrarkassinn af Skólavef 3. stig (lesskilningsverkefni).
- Vanda málið – ekki málið (valið efni).

- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

### **Matstæki**

- Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí).
- Framsagnarþróf (jan. og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningsþróf af Mentor.
- Markvisskráning kennara /deildarstjóra á lestrarframvindu nemanda.

### **Viðmið**

- Sjá töflu 1 bls. 3.

### **Úrræði**

- Þristurinn.
- Eitt skref í einu – þjálfunarverkefni frá MMS
- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- LOGOS - þróf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.



## **Lestrarkennsla í 7. bekk**

### **Markmið**

#### **Að nemandi:**

- Þjálfist í framsögn, endursögn og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi fjölbreyttan texta og ljóð, vinni með bókmennta- og ljóðahugtök.
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og geti túlkað þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Auki leshraða sinn ef þörf er á.

### **Kennslu- og námsaðferðir**

- Markviss kennsla í lesskilningi.
- Yndislestur daglega í skóla og lesa 1 - 2 sinnum í viku fyrir kennara.
- Heimalestur daglega sem foreldrar skrá og kennarar fylgjast með.
- Samlestur (t.d. kóralestur – bergmálslestur) og lestrarhópar ef þörf er á.
- Lesskilningsverkefni.
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Lestrarsprettur eftir þörfum.
- Bókaritdómar – bók um bók, eða önnur sambærileg verkefni.
- Kennari les fjölbreytta texta fyrir nemendur og ræðir um efnið.
- Stóra upplestrarkeppnin (þjálfun, undirbúningur og kennsla).

### **Tillögur að námsefni**

- Orðspor 3.
- Töfraskinna les- og vinnubók.
- Þriðji smellur - lesskilningsverkefni.
- Arfurinn - lesskilningsverkefni.
- Vertu ósýnilegur.
- Blokkinn.
- Grænkápa, valið efni.
- Eldgos í garðinum.
- Leikur á borði.

- Röndóttir spóar.
- Ljóðspor, ljóð og ljóðalestur.
- Vanda málið – minnsta málið (valið efni).
- Áfram Óli (valdar smásögur og unnin verkefni, kennsluleiðbeiningar af forlagid.is).
- Ýmis lesskilningsverkefni.
- Yndislestrarbækur af bókasafni.

### **Matstæki**

- Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí).
- Framsagnarþróf (des./jan. og maí), allir nemendur.
- Orðarún janúar og maí, lesskilningsþróf af Mentor.
- Markviss skráning kennara/deildarstjóra á lestrarframvindu nemenda.

### **Viðmið**

- Sjá töflu 1 bls. 3.

### **Úrræði**

- Pristurinn.
- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- LOGOS - þróf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

## **Lestrarkennsla í 8. - 10. bekk**

### **Markmið**

#### **Að nemandi:**

- Auki eða viðhaldi leshraða.
- Skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.
- Þjálfist í framsögn, endursögn og tjái sig frammi fyrir hópi.
- Auki orðaforða sinn og noti hann á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í hlustunar- og lesskilningi.
- Noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Lesi margskonar texta af öryggi, lagt mat á þá og túlkað (m.a. bókmennta- og ljóðahugtök).
- Þjálfist í að afla og nýta sér upplýsingar úr námsbókum og rafrænu efni.
- Lesi úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlki þær.
- Velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi, lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggi mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og taki gagnrýna afstöðu til þess.

### **Kennslu- og námsaðferðir**

- Yndislestur daglega í skóla í 20 mín.
- Heimalestur daglega í a.m.k. 30 mín., sem nemendur skrá á þar til gert form t.d. lestrarhest, lestrardagbók eða sambærilegt form. Foreldrar og kennarar fylgjast með skráningu.
- Nemendur lesa bækur og bókmenntahugtök kennd út frá þeim.
- Samlestur Íslendingasögur, þjóðsögur, samtímasögur.
- Ýmis hópverkefni, kynningar, upplestur og framsögn.
- Lesskilningur þjálfður.
- Mismunandi lestraraðferðir (t.d. skimunar-, leitar-, sam-, punktalestur).
- Upplestur á fjölbreyttum texta.
- Orð af orði hugmyndafræði.
- Bókmennta- og textaumfjöllun.
- Ritdómar og bókmenntaritgerð.

**Tillögur að námsefni í 8. bekk**

- Kveikjur.
- Sérðu það sem ég sé.
- Kjalnesinga saga.
- Draugaslóð.
- Undur.
- Nornafár.
- Tara.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Mályrkja 1.
- Skilaboð móttekin.
- Gunnlaugs saga.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- Ljóðspeglar og ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

**Tillögur að námsefni í 9. bekk**

- Neistar.
- Með fjaðrabliki.
- Laxdæla.
- Milljón holur.
- Strákurinn í röndóttu náttfötunum.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- Unglingabók fyrir bókmenntaritgerð.
- Þar sem djöflaeyjan rís.
- Gauragangur.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Mályrkja 2.
- Ljóðspeglar og ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

**Tillögur að námsefni í 10. bekk**

- Logar.
- Mér er í mun.
- Gísla saga.
- Korku saga.

- Þar sem djöflaeyjan rís.
- Englar alheimsins.
- Ýmsar smásögur, þjóðsögur og draugasögur.
- Yndislestrar- og kjörbækur.
- Bókmenntaritgerð - fullorðins bók eftir íslenskan höfund.
- Ljóð úr ýmsum áttum.
- Ýmis lesskilningsverkefni.

### **Matstæki í 8. – 10. bekk**

- Orðarún janúar og maí, lesskilningspróf af MMS, fyrir 8. bekk.
- Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur.

### **Úrræði 8. – 10. bekkur**

- Þristurinn
- Stuðningur og sérkennsla.
- Hljóðbækur.
- LOGOS - próf ef grunur er um lestrarvanda.
- Ráðgjöf hjá sérkennara.
- Eftirfylgni með foreldrum.

## Lesskilningsþjálfunaráætlun í GRV 1. - 7. bekkur.

Byggt á og flokkað eftir bókinni *Eflum lesskilnings* eftir Bergljótu V. Jónsdóttur.

### Lesskilningskennsla í 1. bekk, byggt á og flokkað eftir bókinni *Eflum lesskilning*

<b>Aðferð</b> Forspá út frá mynd, út frá titli Samræðulestur Orsaka- og merkingatengsl Tilfinningaleikurinn Að gera sér í hugarlund Bókagerð Krossglíma, orð dagsins, hugtakakort	<b>Þjálfunarpáttur</b> Forspá bls. 114 -115 Tal- og hlustunarskilningur bls. 117 Ályktunarhæfni bls. 120 Ályktunarhæfni bls. 121 Ályktunarhæfni bls. 119 Að greina aðalatriði í texta bls. 142 Orð af orði
--	---

### Lesskilningskennsla í 2. bekk, byggt á bókinni *Eflum lesskilning*

<b>Aðferð</b> Að álykta um merkingu óþekkra orða Ekki finnast svör við öllum spurningum því meira sem við lærum... Að greina aðalatriði og gera samantekt Orðavefur – samsett orð Orða – bak- forði	<b>Þjálfunarpáttur</b> Ályktunarhæfni bls. 123 Að spyrja spurninga bls. 137 Að spyrja spurninga 135 Að greina aðalatriði í texta bls. 146 Orðaforði bls. 157 Orðaforði bls. 171
--	---

### Lesskilningskennsla í 3. bekk, byggt á bókinni *Eflum lesskilning*

<b>Aðferð</b> Kann, vil vita, hef lært (K-V-L )  Að álykta út frá bakgrunnsþekkingu Að hlusta á innri rödd Að greina klifun Að skrá mikilvægar upplýsingar Orðavefur: orð með svipaða merkingu Að spyrja höfundinn	<b>Þjálfunarpáttur</b> Að spyrja spurninga fyrir, meðan, eftir bls. 186 Ályktunarhæfni bls. 125 Námsvitund bls. 127 Námsvitund bls. 131 Að greina aðalatriði í texta bls. 143 Orðaforði bls. 159 Samsett aðferð, bls. 195
--	--

**Lesskilningskennsla í 4. bekk, byggt á og flokkað eftir bókinni *Eflum lesskilning***

<b>Aðferðir</b> Að lesa, skrifa, spjalla Spurningavefur Að gera samantekt samhliða lestri Að álykta um merkingu orða út frá samhengi Rót vikunnar Nákvæm greining – víðara samhengi	<b>Þjálfunarpáttur</b>  Námsvitund bls. 129 Að spyrja spurninga bls. 139 Að greina aðalatriði í texta bls. 149 Orðaforði bls. 166 Orðaforði bls. 163 Samsett viðmeiri aðferð bls. 181
---	--

**Lesskilningskennsla í 5. bekk, byggt á bókinni *Eflum lesskilning***

<b>Aðferðir</b> PALS – félagastuðningur í lestri Samantekt: Samvinna nemenda Orðavefur: forskeyti, rót eða stofn Að álykta um merkingu orða og sannprófa Ég hef orðið - hver hefur merkinguna? Að hugsa upphátt	<b>Þjálfunarpáttur</b> Að beita skipulegur vinnubrögðum bls. 218 Að greina aðalatriðið í texta bls. 148 Orðaforði bls. 154 Orðaforði bls. 167 Orðaforði bls. 168 Samsett viðmeiri aðferð bls. 175
---	---

**Lesskilningskennsla í 6. bekk, byggt á bókinni *Eflum lesskilning***

<b>Aðferðir</b> Að greina orðhluta: Merking og hlutverk Að taka viðtal við orð Gagnvikur lestur	<b>Þjálfunarpáttur</b> Orðaforði bls. 161 Orðaforði bls. 173 Samsett, viðmeiri aðferð Lesið til skilnings MMS. <a href="https://vefir.mms.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf">https://vefir.mms.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf</a>
--	---

**Lesskilningskennsla í 7. bekk, byggt á bókinni *Eflum lesskilning***

<b>Aðferðir</b> Endurtekinn lestur	<b>Þjálfunarpáttur</b> Að beita markvissum aðferðum bls. 214
---------------------------------------	---

## Kennsluaðferðir

### Yndislestur

Daglega lesa nemendur og kennari í 20 mínútur í kennslustofunni. Þá lesa allir í hljóði sér til yndis og ánægju efni sem hver og einn velur sér.

**Orð af orði** er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta eða endurbyggja á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Byggja upp orðaforða sem er undirstaða læsis.

### PALS – lestrarþjálfun

Þör lesa saman. Aðferðin þjálfar lesfimi, virka hlustun og lesskilning (veitir aðalatriðum athygli, dregur þau saman og spáir fyrir um það sem kemur næst í sögunni). Nemendur eru paraðir saman eftir reglum PALS og vinna í 6 – 12 vikur. Hver lestrarstund varir í 35 – 45 mínútur, þrisvar í viku.

Kennarinn fylgist með þörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfu alla nemendur samtímis í lestri.

### Þristurinn

Endurtekinn lestur þar sem lesinn er stuttur texti í tvær eða þrjár mínútur, sami texti lesinn þrisvar og árangur skráður í hvert sinn. Einfaldast er að telja línurnar sem lesnar eru í hvert skipti. Þessi aðferð hentar vel fyrir hópa.

### Framsagnarþjálfun

Gildi framsagnarkennslu er margvíslegt en með þjálfun í framsögn má auka sjálfstraust nemenda, bæta framburð þeirra og um leið auka færni t.d. í lestri og stafsetningu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að hlusta á góðan upplestur til þess að þeir átti sig betur á því eftir hverju er að sækjast.

### Heimalestur

Nemandi les daglega heima, upphátt (eftir þörfum) og í hljóði, í lestrarbók við hæfi. Einhver fullorðinn hlustar og skráir í lestrarhest (skráningarblað eða annað sambærilegt). Hlustunin þarf að vera virk. Því er æskilegt að einstaklingur hvíli síma, pöddur/spjöld, sjónvarp og útvarp á meðan hlustað er. Ef nemandi á við lestrarvanda að stríða fá foreldrar þjálfunarpakka til að vinna með heima.



### **Aðrar lestraraðferðir**

Í skólanum lesa nemendur daglega. Þar eru notaðar fjölbreyttar lestraraðferðir s.s. kórlestur, bergmálslestur, samlestur, paralestur, nákvæmnislestur, hraðlestur, yfirlitslestur (skönnun), leitarlestur (skimun), hljóðalestur og upplestur.

### **Sumarlestur**

Sumarlestur er oft í samvinnu við bæjarbókasafn Vestmannaeyja. Nemandinn les jafnt og þétt upphátt og í hljóði fyrir einhvern fullorðinn sem skráir lesturinn í sumarlestrarhest. Hægt er að nálgast lestrarbækur á Bókasafni Vestmannaeyja.

### **Matstæki - námsmat**

#### **1. bekkur:**

Bókstafahljóðapróf (sept., jan., maí).

Lesfimi fyrir 1. bekk; sjónrænn orðaforði og lesfimi okt. Regluleg stafakönnun allt skólaárið. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemenda. Lesskilningspróf.

#### **2. bekkur:**

Bókstafahljóðapróf fyrir þá sem þurfa í upphafi skólaárs. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda. Lesskilningspróf.

#### **3. bekkur:**

Lesferill, lesfimipróf MMS (sept., jan., maí). prófaður (jan./feb.). Orðarún (jan. og maí), lesskilningspróf af Mentor. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

#### **4. bekkur:**

Lesferill, lesfimipróf MMS (sept., jan., maí).

Orðarún (jan. og maí), lesskilningspróf af MMS. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

#### **5. bekkur:**

Lesferill, lesfimipróf MMS (sept., jan., maí). Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur. Orðarún (jan. og maí), lesskilningspróf af Mentor. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

#### **6. bekkur:**

Lesferill, lesfimipróf MMS (sept., jan., maí). Framsagnarpróf (jan. og maí), allir nemendur. Orðarún (jan. og maí), lesskilningspróf af MMS. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

**7. bekkur:**

Lesferill, lesfimiþróf MMS (sept., jan., maí). Framsagnarþróf (jan. og maí), allir nemendur. Orðarún (jan. og maí), lesskilningsþróf af MMS. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemenda

**8. bekkur:**

Orðarún (jan. og maí), lesskilningsþróf af MMS. Framsagnarþróf (jan. og maí), allir nemendur. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

**9. bekkur:**

Framsagnarþróf í (jan. og maí), allir nemendur. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

**10. bekkur:**

Framsagnarþróf (jan. og maí), allir nemendur. Markviss skráning umsjónarkennara á lestrarframvindu nemanda.

## Eftir skimanir, verkferill.

Eftir lesfimiþróf MMS í 3. - 7. bekk.

- Umsjónarkennarar setja niðurstöður prófa á Mentor og senda niðurstöður heim.
- Nemendur undir viðmiði 1 taka hliðarþróf (athuga nemendur sem eru rétt yfir viðmiði 1).
- Foreldrar/forráðamenn nemenda sem eru undir viðmiði 1 eru boðaðir á fund með umsjónarkennara, deildarstjóra og sérkennsluráðgjafa þar sem farið er yfir næstu skref. (Þetta á ekki við nemendur sem eru að fá þjónustu í skólanum (námsver/sérdeild).
- Lestrarsprettir
- Heimalestur: Ef heimalestri er ekki sinnt boða foreldra á fund með deildarstjóra.

## Leiðbeiningar við fyrirlögn hraðlestrarprófa

Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 3.-7. bekk grunnskóla. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang í tveimur útgáfum, alls 20 próf. Prófinu er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára.

Lesfimiþróf Lesferils eru stöðupróf þar sem metnir eru þrjár þættir í lestri nemandans; leshraði, lestrarnákvæmni og hrynrænir þættir. Hér er um að ræða einstaklingspróf sem taka **tvær mínútur** í fyrirlögn. Kennari merkir inn á skráningarblaðið síðasta orðið sem nemandi las. **Einnig þarf að merkja við öll rangt lesin orð, rangt lesin orð teljast rétt ef nemandinn leiðréttir sig sjálfur.** Ef nemandi sleppir línu er mælt með því að leiðbeina honum inn á réttan stað. Ef það er ekki gert þarf að merkja öll orð sem nemandinn slepti sem rangt lesin. Sjá nánar leiðbeiningar á vef MMS <https://mms.is/lesferill-2>

## Leiðbeiningar við fyrirlögn framsagnarprófa

Allir nemendur í 4. - 10. bekk eiga að fá tækifæri til að fara í framsagnarpróf. Nemendur í 4. - 7. bekk fá stuttan texta fyrir framsagnarpróf til að æfa sig á. Nemendur í 9. og 10. bekk fá þjálfun og tilsögn en eru metnir út frá rammanum.

### Mat byggir á eftirfarandi þáttum:

- ✓ Réttur lestur – nemandi les orð rétt
- ✓ Reiprennandi lestur – réttar áherslur þegar lesið er og gott flæði
- ✓ Tími og þagnir – stoppað við punkta og aðrar áherslur í texta
- ✓ Túlkun texta – eðlileg túlkun á samtölum, líðan persóna, andrúmslofti o.s.frv.
- ✓ Skýr og greinilegur lestur – skýrmæli
- ✓ Rétt líkamsstaða – nemandi er uppréttur, beinn í baki og myndar þægilegt samband við áheyrendur (augnsamband – horft yfir hópinn).

## Skimanir

Á hverju ári eru lagðar fyrir nemendur próf og skimanir til að fylgjast með hvort þeir taki eðlilegum framförum í lestri. Þannig er hægt að finna þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með ákveðna þætti námsins og grípa inn í áður en erfiðleikar fara að setja sitt mark á nám barnsins.

## Leið til læsis

Leið til læsis (LtL) er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu ætlað lestrarkennurum á yngsta stigi grunnskólans. Markmið kerfisins er að gefa kennurum kost á að fylgjast með lestrarþróun hvers nemanda frá upphafi lestrarnáms. Jafnframt gefur stuðningskerfið leiðbeiningar um hvort þörf sé á að endurskoða markmið og leiðir og laga kennsluna betur að þörfum hvers nemanda þannig að hann fái verkefni og þjálfun við hæfi. Áherslan beinist að því að þjálfa þá undirstöðufærni sem hefðbundið lestrarnám byggir á. Leið til læsis stuðningskerfið er nú orðið hluti af lesferli MMS en stöðlun er í vinnslu.

## Logos-próf

Logos er greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum. Prófið skiptist í 17 þætti og er ætlað og staðlað fyrir 3. – 10. bekk. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, hlustunarskilningi, umskráningafærni og annarri lestartengdri færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýttis. Prófið er staðlað þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Niðurstöðurnar er hægt að sjá í töfluformi og grafískum útfærslum sem sýna stöðu nemandans, bæði sterkar og veikar hliðar. Með þessu móti geta bæði foreldrar og sá sem er prófaður fylgst með framvindu lestrarnámsins.

**Orðarún** er lesskilningspróf sem ætlað er nemendum í 3. - 8. bekk. Tvö próf eru fyrir hvern árgang sem kanna hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum. Prófin má finna inn á MMS.

## Hvernig er hægt að efla lestrarfærni barna?

- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Látið barnið fylgja línunum eftir með fingri um leið og það les.
- Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við og fylgist með að það þekki örugglega alla stafina því það er grunnur að góðri lestækni.
- Spyrjið leiðandi spurninga til að fá barnið til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlan, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáíð barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel til að uppörva það og hvetja.
- Verið þolinmóð og jákvæð og láta barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel.

(Byggt á gögnum frá Lesvefnum).

## Heilræði kennara til foreldra/forráðamanna varðandi lestur

- Lesum upphátt á hverjum degi/látum barnið lesa upphátt daglega.
- Verum **virk** í hlustuninni.
- Lesum fyrir börnin og kennum þeim rím, vísur og þulur.
- Tölum við börnin um það sem þau eru að lesa .
- Ræðum og útskýrum lesefnið jöfnum höndum.



Matsrammi fyrir lesfimi

	Framúrskarandi færni – 4 stig	Góð færni – 3 stig	Á réttri leið – 2 stig	Þarfnast þjálfunar – 1 stig
<p><b>Tjáning</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Tjáning fellur að merkingu</li> <li>✓ Raddstýrkur, hjómfall og raddblær við hæfi</li> <li>✓ Lestur öruggur</li> <li>✓ Lestur hjómar eðlilega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les textann með góðri tjáningu; hjómfall, raddstýrkur og raddblær í samræmi við merkingu texta.</li> <li>• Lestur öruggur.</li> <li>• Lestur hjómar eðlilega og er auðskiljanlegur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les yfirleitt með góðri tjáningu; hjómfall, raddstýrkur og raddblær stundum í samræmi við merkingu texta.</li> <li>• Lestur yfirleitt öruggur.</li> <li>• Lestur hjómar yfirleitt eðlilega og er auðskiljanlegur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reynir að lesa með tjáningu; hjómfall, raddstýrkur og raddblær sjaldan í samræmi við merkingu texta.</li> <li>• Lestur óruggur og raddstýrkur litill.</li> <li>• Einbeitt sér fyrst og fremst að því að lesa orðin rétt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugar nær ekkert að tjáningu texta við lestur.</li> <li>• Raddstýrkur litill og lestur eintóna.</li> <li>• Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér.</li> </ul>
<p><b>Sjálfvirkni lestrar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Lestur sjálfvirkur</li> <li>✓ Lestur áreynslulaus</li> <li>✓ Leshraði hæfir texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur sjálfvirkur; nemandi les nær öll orð án umhugsunar og áreynslulaust.</li> <li>• Les á stöðugum talmálshraða og leshraði í samræmi við eðli texta.</li> <li>• Lesin orð á mínútu á eða yfir V2 fyrir árgang.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur að mestu sjálfvirkur; nemandi les flest orð án umhugsunar og áreynslulaust.</li> <li>• Óregla í hraða lestrar þar sem talmálshraði og hægur lestur skiptast á.</li> <li>• Lesin orð á mínútu milli V1 og V2 fyrir árgang en nær V2 en V1.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur ósjálfvirkur og nemandi þarf að gera hlé á lestri til að þekkja orð.</li> <li>• Lestur fremur hægur.</li> <li>• Lesin orð á mínútu milli V1 og V2 fyrir árgang en nær V1 en V2.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les nær engin orð á sjálfvirkkan hátt og verður að gera mörg hlé á lestri til að kveða að orðum.</li> <li>• Lestur mjög hægur og áreynslumikill.</li> <li>• Lesin orð á mínútu undir V1 fyrir árgang.</li> </ul>
<p><b>Hjómfall og hendingar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Hendingar hæfilega langar</li> <li>✓ Lestrarhlé og hjómfall í samræmi við greinarmerkjasetningu</li> <li>✓ Lestur áheyrilegur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les nær alltaf í viðeigandi hendingum og setningarhlutum.</li> <li>• Hugar að hjómfalli og lestrarhlé í samræmi við greinarmerkjasetningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mótun hendinga yfirleitt góð en lestur stundum rykkjóttur.</li> <li>• Hugar að hjómfalli og lestrarhlé yfirleitt í samræmi við greinarmerkjasetningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les oft í tveggja til þriggja orða hendingum.</li> <li>• Lestur rykkjóttur.</li> <li>• Hjómfall sjaldan eðlilegt og gerir hlé á lestri við greinarmerki.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les oft orð fyrir orð, lestur eintóna og líti tilfinning fyrir mörkum hendinga.</li> <li>• Hjómfall óeðlilegt og lestrarhlé við greinarmerki löng.</li> </ul>
<p><b>Flæði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Flæði gott og lestur fyrirhafnarlaus</li> <li>✓ Lestur nákvæmur</li> <li>✓ Lítið um hik</li> <li>✓ Nemandi leiðréttir sig</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nær öll orð rétt lesin.</li> <li>• Flæði gott og fá hik í lestri.</li> <li>• Á í litlum erfiðleikum með að lesa löng og sjaldgæf orð eða flókinn málsgreinar og leiðréttir sig strax.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Flest orð rétt lesin.</li> <li>• Flæði yfirleitt gott en stóku hik í lestri.</li> <li>• Á sjaldan í erfiðleikum með lestur langra og sjaldgæfra orða og flókinn málsgreina. Erfiðleikar hindra heilt á lítið ekki flæði texta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Á í erfiðleikum með að lesa sum orð rétt.</li> <li>• Hikar þegar löng og sjaldgæf orð koma fyrir sem hefur áhrif á heildarflæði textans.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þarf mikla aðstoð vegna ónákvæms lestrar (t.d. lestrarhlé löng, erfiðleikar við að hefja lestur málsgreina og gerir tilraunir til að hjóða sig í gegnum orð).</li> <li>• Áttar sig ekki á villum sem hann/hún gerir.</li> </ul>

Úr The Megobook of fluency eftir T. Rasinski og M. Cheesman Smith (2018). N.Y.: Scholastic. Þýtt með leyfi T. Rasinski, 2020.

Lefrei | 0202 | © Menntamálastofnun 2020

Til foreldra og forráðamanna

Matsrammanum er ætlað að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi. Matsramminn lýsir því jafnframt vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi.

Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) Tjáning, b) Sjálfvirkni lestrar eða leshraða, c) Hjómfall og hendingar og d) Flæði. Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi.

Ramminn sýnir glöggð að leshraði og nákvæmni, sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemandans og að mikilvægt sé að kenna, þjálfna og meta alla þætti lesfiminna.

Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna og þjálfna lesfimi markvisst og vel.

Þegar kennari hefur lokið við matið má senda það heim svo nemendur og forráðamenn geti farið saman yfir það og rætt stöðuna. Hafa þarf í huga aldur og þroska nemandans þegar frammistaða hans er rædd, að leggja áherslu á það sem vel er gert og muna að framfarir eru ekki síst háðar góðri lestrarkennslu í skóla, reglubundinni þjálfun heima og tækifærum til að lúka lestur og njóta í margvíslegum tilgangi. Hér eru dæmi um spurningar sem hægt er að ræða:

- Hvað gekk vel hjá mér?
- Hvar þarf ég að bæta mig?
- Hvað þarf ég að gera til að bæta árangur minn?
- Hvaða markmið get ég sett mér fyrir næsta lesfimimat?

Læsisvefurinn ([www.laesisvefurinn.is](http://www.laesisvefurinn.is))

Á Læsisvefnum má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um lesfimi.

Kvarði

Þegar mat fer fram hakar kennari í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemandans á hverjum matsþætti fyrir sig.

Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammnum og raðast hann inn á bil sem sjást hér fyrir neðan. Nemandi sem fær átta stig úr rammnum fær þá umsögnina *Lesfimi nemandans er á réttri leið en þjálfna þarf einstaka þætti hennar betur.*

Fjöldi stiga	Umsögn
4–6 stig	Nemandi þarf þjálfun í flestum þáttum lesfiminna.
7–11 stig	Lesfimi nemandans er á réttri leið en þjálfna þarf einstaka þætti hennar betur.
12–16 stig	Nemandi hefur náð fullnægjandi tökum á lesfimi út frá viðmiðum fyrir aldur.

Mat á lesfimi

Dagsetning mats	
Bekkur	
Nafn	
Stigafjöldi	
Mér sýnt/kvittað	

Lefrei | 0202 | © Menntamálastofnun 2020

Hér fyrir neðan er hlekkur á handbók og fyrir lesfimi. Hún inniheldur nákvæmar leiðbeiningar hvernig framkvæma á matið ásamt því og vera með lesfimitexta fyrir stigin þrjú. Sjá efnisyfirlit.

[https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2022/03/matsrammi\\_lesfimi\\_handb\\_2021.pdf](https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2022/03/matsrammi_lesfimi_handb_2021.pdf)

## Efnisyfirlit

Nýr matsrammi fyrir lesfimi . . . . .	4
Hvað metur lesfimiþróf Lesferils? . . . . .	4
Mikilvægi góðs lestrarlags . . . . .	4
Hvenær á að nota rammann? . . . . .	5
Lesfimin metin . . . . .	5
Val á texta . . . . .	5
Framkvæmd við mat . . . . .	6
Stigagjöf . . . . .	7
Bakhlið matsrammans . . . . .	7
Skil á námsmati í lesfimi . . . . .	8
Læsisvefurinn . . . . .	8
Niðurlag . . . . .	9
Textasafn . . . . .	10
Matsrammi fyrir lesfimi . . . . .	23
Heimildaskrá . . . . .	25